



Sértæk starfsleyfisiskilyrði fyrir fargufu

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfið gildir fyrir fargufu. Fargufa er færanleg baðstofa í hjólhýsi. Baðstofa er klefi eða aflokað rými sem hitað er upp með vatnsgufu, svokallað eimbað, eða sánabað sem oftast er hitað upp með rafmagni.
- 1.2 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur verður að ræða samhliða, gilda viðeigandi starfsleyfisiskilyrði þar um.
- 1.3 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.
- 1.4 Þegar starfsemi er færð skal rekstraraðili tilkynna sig til viðkomandi heilbrigðiseftirlits áður en starfsemi hefst og ráðfæra sig við viðkomandi heilbrigðiseftirlit um val á staðsetningu.

2. Húsnæði og búnaður

- 2.1 Búnaður í fargufu skal vera þannig gerður og viðhaldið að fyllsta öryggis og þrifnaði verði komið við.
- 2.2 Rými fargufunnar skal vera hæfilega hitað og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.3 Greiður aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 2.4 Í fargufu skulu vera mælar sem sýna raka- og hitastig í klefanum.
- 2.5 Ganga skal þannig frá færanlegum tækjum og búnaði þannig að ekki stafi hætta af.

3. Hreinlæti og þrif

- 3.1 Þrif skulu vera fullnægjandi, leitast skal við að nota umhverfisvæn efni þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 3.2 Gólfefni og frágangur fargufu skulu vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.3 Skrifleg hreinlætisáætlun skal vera til staðar. Allsherjarhreingerningu skal gera a.m.k. árlega.



- 3.4 Þrif á utanverðri fargufu skulu fara fram hjá bílaþvottastöð með starfsleyfi hjá tilheyrandi Heilbrigðiseftirlitssvæði. Þrif að innanverðu skulu fara fram við góðar aðstæður þar sem aðgengi er að heitu og köldu vatni.
- 3.5 Gæludýrum er óheimill aðgangur að fargufu.
- 3.6 Reykingar eru bannaðar þar sem almenningur leitar þjónustu.

4. Öryggi og slysavarnir

- 4.1 Starfsmaður skal vera viðstaddur á meðan starfsemi er í gangi og hafa eftirlit með öryggi gesta.
- 4.2 Starfsmaður skal vera þjálfaður í viðbrögðum við neyðartilvikum.
- 4.3 Til staðar skal vera neyðaráætlun (verklagsreglur starfsfólks ef slys verður) og skulu starfsmenn upplýstir um þær.
- 4.4 Viðurkenndur búnaður til skyndihjálpar skal vera á staðnum. Skal búnaður þessi yfirfarinn reglulega og starfsmenn þjálfaðir í notkun hans.
- 4.5 Hitagjafir, ofnar og útstreymisop, skulu varin þannig að ekki sé hætt á að af þeim hljótist slys.
- 4.6 Skrá skal óhöpp og slys á þar til gerð eyðublöð. Skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

5. Matvæli

- 5.1 Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.
- 5.2 Einstaklingum undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna er ekki heimill aðgangur að fargufunni.

6. Umhverfismál

- 6.1 Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs. Spilliefnum skal komið til móttökustöðva.
- 6.2 Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstri hirslu. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Öryggisblöð fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengileg.
- 6.3 Fara skal eftir ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.



- 6.4 Starfsemin má ekki valda ónæði, sem er veruleg og ítrekuð truflun eða áreiti sem tilheyrir ekki því umhverfi sem um ræðir, s.s. vegna óþrífnaðar, ólyktar eða hávaða.